



## Að skoða viðhengi í Sögu

Í eyðublaðaeiningunni er hægt að skoða viðhengi. Samskipti sem innihalda viðhengi eru merkt í samskiptatrénu með bréfastemmu. Viðhengið birtist þar eins og önnur staðfest eyðublað.




Með því að smella á skrána ræsist viðhengið með skeljarforriti.

Viðhengi:



Viðhengi er einnig hægt að skoða í Viðhengis einingunni.

Í viðhengiseiningunni eru tveir flipar:



Flipinn **Samskipti** sýnir lista yfir öll samskipti valins einstaklingsins. Þessi flipi hentar best þeim sem eru að setja inn viðhengi eða skoða viðhengi í völdum samskiptum. **F7** er notað til að fara á milli samskipta í Viðhengjum og samskipta í Eyðublöðum.



Flipinn **Viðhengi** sýnir lista yfir öll viðhengi valins einstaklingsins óháð samskiptum. Þessi flipi hentar best þegar skoða á fleiri en eitt viðhengi. **F7** opnar **ekki** þennan flipa. Með því að velja eininguna sjálfa opnast sá flipi sem síðast var valinn þegar einingunni var lokað.

Dags. og tími	Lýsing	Flokkur	Heiti
12.12.1899 01:00	Aðgerðarlýsing	Word skjal	test.groovy
09.09.2004 12:53	Læknabréf inn	Word skjal	flytivila.bmp
10.09.2004 17:26	Sérfræðiálit	Word skjal	Saga.pdf
12.09.2004 15:15	Læknabréf inn	Word skjal	123.jpg
20.09.2005 13:47	Lungnamynd	Röntgen myndir	motmaeli.jpg
21.10.2006 19:47	Lendarhyggur	Röntgen myndir	Update_S_St
09.02.2010 15:17	Kjálki	Röntgen myndir	Zombatar.jpg
11.09.2004 17:26	Læknabréf inn	NOAH-mynd	flytivila.bmp
01.09.2004 14:35	Áverkar	Myndir	flytivila.bmp
28.09.2004 11:36	Áverkar	Myndir	s.pdf
24.04.2006 10:44	Fótasár	Myndir	anywhere.gif
10.05.2006 13:58	Fótasár	Myndir	chrome.bmp
10.05.2006 14:20	Fótasár	Myndir	Copy of Three
09.02.2010 15:59	Útbrot	Myndir	Utbort2.bmp
09.02.2010 16:02	Sár á höfði	Myndir	Sár á höfði.pd
09.02.2010 16:16	Útbrot	Myndir	Utbort2.bmp

Í flípanum Viðhengi er hægt að raða töflunni eins og Excel töflu. Með því að smella á dálkhausinn má raða töflunni t.d. eftir, dagsetningu, lýsingu eða flokkun. Einnig er hægt að nota síu til að afmarka þau viðhengi sem á að skoða. Þannig er hægt að skoða allar myndir, EKG, röntgenmyndir/svör öll innkomin læknaþréf eftir því sem við á.

Dags. og tími	Lýsing	Flokkur
01.09.2004 14:35	Áverkar	(Allt)
28.09.2004 11:36	Áverkar	(Stilla...)
24.04.2006 10:44	Fótasár	<input type="checkbox"/>
10.05.2006 13:58	Fótasár	<input checked="" type="checkbox"/> Myndir
10.05.2006 14:20	Fótasár	<input type="checkbox"/> NOAH-mynd
09.02.2010 15:59	Útbrot	<input type="checkbox"/> Röntgen myndir
09.02.2010 16:02	Sár á höfði	<input type="checkbox"/> Word skjal
09.02.2010 16:16	Útbrot	Myndir

Hver notandi fyrir sig getur sett upp töfluna á tvo vegu.

1. Raða dálkum í þá röð sem hentar best með því að draga dálkana til. Einnig er hægt er að fela dálka sem notandinn vill ekki nota/sjá með því að velja  hnappinn, smella á dálkhaus og draga inn í gluggann sem opnast.
2. Flokka töfluna með því að nota Sýna/fela flokkunarstiku 

Dálkurinn sem flokka á eftir er dreginn upp í flokkunarstikuna. Á þessari mynd hefur flokkur viðhengis verið dreginn upp í flokkunarstikuna. Ef smellt er á plúsinn fyrir framan Röntgenmyndir koma í ljós öll viðhengi sem flokkuð hafa verið sem Röntgenmyndir.

Flokkur	Flokkunarstika
Heiti	
<input checked="" type="checkbox"/> Flokkur : Læknaþréf inn	
<input checked="" type="checkbox"/> Flokkur : Myndir	
<input checked="" type="checkbox"/> Flokkur : NOAH-mynd	
<input checked="" type="checkbox"/> Flokkur : Röntgen myndir	
<input checked="" type="checkbox"/> Flokkur : Word skjal	

### Finna samskipti fyrir valið viðhengi

Þegar skoða þarf samskipti fyrir valið viðhengi (í viðhengisflípanum) skal nota **Ctrl+F**, við það opnast á samskiptin í samskiptaflípanum, síðan skal nota **F7** til að fara yfir í valin samskipti í Eyðublöðum.

Með kveðju,

EMR Heilbrigðislausnir